

Vísitala launa 2005–2006 *Wage index 2005–2006*

Samantekt Vísitala launa á almennum vinnumarkaði hækkaði um 10,3% að meðaltali á milli áráanna 2005 og 2006. Laun sérfræðinga hækkuðu mest á tímabilinu eða um 11,5% en laun iðnaðarmanna hækkuðu minnst, 8,8%. Mest hækkuðu laun í samgöngum og flutningum (I) á tímabilinu eða um 12,3% en minnst 9,1% í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G). Laun opinberra starfsmanna hækkuðu um 10,4% á sama tímabili.


Þetta eru niðurstöður vísitölu launa eftir atvinnugrein og starfsstétt. Vísitala launa, sem nú birtist í fyrsta sinn, endurspeglar þróun reglulegra launa á almennum vinnumarkaði og verður framvegis gefin út ársfjórðungslega. Samhliða útgáfu vísitölu launa á almennum vinnumarkaði er gefin út vísitala launa fyrir opinbera starfsmenn og kemur sú vísitala í stað eldri birtingar launavísitölu fyrir opinbera starfsmenn og bankamenn. Áfram verða birtar niðurstöður mánaðarlegra mælinga launavísitölu sem einkum er ætlað það hlutverk að vera tímanleg vísbending um almenna launaþróun.

Niðurstöður

Vísitala launa eftir starfsstétt Ef tekið er mið af breytingu ársmeðaltals fyrir einstakar starfsstéttir frá árinu 2005 til 2006 hækkuðu laun sérfræðinga mest en sá hópur hækkaði um 11,5% á milli ára. Verkafólk hækkaði um 10,8% en minnst mældist hækkunin hjá iðnaðarmönnum, 8,8%.

Mynd 1. Vísitala launa á almennum vinnumarkaði eftir starfsstétt 2005–2006, breyting frá fyrra ári

Figure 1. Wage index for the private sector by occupational group 2005–2006, change from previous year



Miðað við heildarvísitölu á almennum vinnumarkaði skera hækkanir sérfræðinga og iðnaðarmanna sig nokkuð úr. Við túlkun á niðurstöðum ber að hafa í huga þann mun sem getur verið á samsetningu launa eftir starfsstéttum og atvinnugreinum. Til að mynda er hlutfall óreglulegra greiðslna og ýmis konar hlunninda af launum almennt hærra á meðal stjórnenda en þeirra sem lægri laun hafa svo sem verkafólks. Að sama skapi byggja laun tiltekinna hópa iðnaðarmanna að einhverju leyti á ákvæðisgreiðslum sem ekki eru gerðar upp á hverju útborgunartímabili og falla þar af leiðandi utan þeirrar skilgreiningar reglulegra launa sem vísitalan byggir á.

Tafla 1. Vísitala launa á almennum vinnumarkaði eftir starfsstétt 2005–2006, breyting frá fyrra tímabili

Table 1. Wage index for the private sector by occupational group 2005–2006, change from previous period

	%								2005 –2006 Meðaltal Average
	2005				2006				
	1. ársfj. 1 quart.	2. ársfj. 2 quart.	3. ársfj. 3 quart.	4. ársfj. 4 quart.	1. ársfj. 1 quart.	2. ársfj. 2 quart.	3. ársfj. 3 quart.	4. ársfj. 4 quart.	
Alls Total	•	1,8	1,3	1,8	4,1	1,4	3,6	1,9	10,3
Stjórnendur Managers	•	1,8	1,4	1,9	4,5	1,8	2,8	1,4	10,4
Sérfræðingar Professionals	•	1,6	1,6	2,1	5,5	1,5	2,5	1,8	11,5
Tæknar Technicians	•	2,2	1,4	1,3	5,0	2,0	2,3	2,1	10,7
Skrifstofufólk Clerks	•	1,8	1,6	1,6	4,0	1,9	2,8	1,7	10,0
Afgreiðslufólk Serv. workers	•	2,0	1,9	1,3	3,4	1,6	4,3	2,1	10,0
Iðnaðarmenn Craft workers	•	1,8	1,0	1,7	3,9	0,8	2,9	1,7	8,8
Verkafólk Gen. workers	•	1,7	0,9	2,5	3,3	1,1	5,8	2,4	10,8


Áfangahækkanir kjarasamninga skýra stærstan hluta þeirra breytinga sem koma fram á fyrsta ársfjórðungi hvers árs. Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga á almennum vinnumarkaði hækkuðu laun um 3% í janúar 2005 og um 2,5% í janúar 2006. Á þriðja ársfjórðungi 2006 eru hækkanir ákveðinna starfsstétta þó meiri en á þeim fyrsta. Má þar greina áhrif sérstaks samkomulags milli Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) sem m.a. gerði ráð fyrir hækkun launataxta. Áhrif þeirra hækkana gætir mest hjá verkafólki og þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki þar sem algengara er að launamenn í þeim starfsstéttum taki laun samkvæmt launataxta.

Vísitala launa eftir atvinnugrein

Á milli árána 2005 og 2006 hækkaði ársmeðaltal vísitölu launa mest í samgöngum og flutningum (I) eða um 12,3%. Á sama tímabili hækkaði vísitala launa í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum (J) um 11,8%. Minnst var hækkunin í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G) eða 9,1%.

Mynd 2. Vísitala launa á almennum vinnumarkaði eftir atvinnugrein 2005–2006, breyting frá fyrra ári

Figure 2. Wage index for the private sector by economic activity 2005–2006, change from previous year



Áhrif almennra kjarasamninga koma einnig fram í vísitölu launa eftir atvinnugrein. Á fyrsta ársfjórðungi 2006 hækkuðu laun hlutfallslega mest í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum (J) en 1. janúar 2006 hækkuðu laun þeirra sem taka laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra bankamanna og Samtaka atvinnulífsins um 3,75%. Samningar flestra annarra hópa á almennum vinnumarkaði kváðu hins vegar á um nokkuð lægri hækkun eða 2,5%.

Tafla 2. Vísitala launa á almennum vinnumarkaði eftir atvinnugrein 2005–2006, breyting frá fyrra tímabili

Table 2. Wage index for the private sector by economic activity 2005–2006, change from previous period

%	2005				2006				2005
	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Meðaltal
	1 quart.	2 quart.	3 quart.	4 quart.	1 quart.	2 quart.	3 quart.	4 quart.	Average
Alls Total	•	1,8	1,3	1,8	4,1	1,4	3,6	1,9	10,3
Iðnaður	•	1,5	0,6	2,0	3,8	1,0	4,0	2,1	9,6
Byggingast.	•	1,8	2,1	1,9	4,4	1,1	3,6	1,1	10,5
Verslun	•	1,9	1,7	1,3	3,5	1,5	3,0	1,8	9,1
Samgöngur	•	2,9	2,2	1,3	4,1	2,5	5,1	1,8	12,3
Fjármálaþj.	•	1,7	1,2	2,5	5,6	1,7	1,9	2,8	11,8

Samgöngur hækka meira en aðrar atvinnugreinar á öðrum ársfjórðungi 2005 og jafnframt á öðrum og þriðja ársfjórðungi ársins 2006. Þar vege þungt áhrif samninga sem falla utan samningsviðs SA og ASÍ.

Stærð einstakra starfsstétta getur verið breytileg á milli atvinnugreina. Til dæmis starfa fáir verkamenn í atvinnugreininni fjármálaþjónustu, lífeyrissjóði og váttryggingum (J) en margir sérfræðingar. Að sama skapi starfa margir verkamenn í atvinnugreininni iðnaði (D) en færri sérfræðingar. Því geta verið tengsl á milli launaþróunar einstakra starfsstétta og atvinnugreina.

Vísitala launa helstu launþegahópa

Ársmeðaltal vísitölu launa á almennum vinnumarkaði hækkaði um 10,3% og ársmeðaltal sambærilegrar vísitölu opinberra starfsmanna um 10,4% frá 2005 til 2006. Vísitala opinberra starfsmanna hækkaði meira en vísitala launa á almennum vinnumarkaði á öðrum ársfjórðungi 2005 og á fyrstu tveimur ársfjórðungum ársins 2006. Á fyrri helmingi árs 2005 voru undirritaðir kjarasamningar milli ríkis og stéttarfélaganna og skýra áhrif þeirra þá hækkun sem kemur fram í vísitölunni á öðrum ársfjórðungi. Laun afmarkaðra hópa launamanna hjá sveitarfélögum hækkuðu jafnframt á fyrri hluta ársins 2006 í samræmi við heimild launanefndar sveitarfélaganna frá 28. janúar sama ár. Á öðrum ársfjórðungi 2006 gætir einnig áhrifa stofnanasamninga sem komu til framkvæmda hjá flestum stofnunum ríkisins á því tímabili.

Tafla 3. Vísitala launa helstu launþegahópa 2005–2006, breyting frá fyrra tímabili

Table 3. Wage index for the private sector and the public sector 2005–2006, change from previous period

%	2005				2006				2005 –2006 Meðaltal
	1. ársfj. 1 quart.	2. ársfj. 2 quart.	3. ársfj. 3 quart.	4. ársfj. 4 quart.	1. ársfj. 1 quart.	2. ársfj. 2 quart.	3. ársfj. 3 quart.	4. ársfj. 4 quart.	
Alls Total	•	2,0	1,6	1,6	4,2	1,7	3,0	1,8	10,3
Vísitala launa á almennum vinnumarkaði Wage index in private sector	•	1,8	1,3	1,8	4,1	1,4	3,6	1,9	10,3
Vísitala launa opinberra starfsmanna Wage index in public sector	•	2,4	2,2	1,2	4,5	2,4	1,7	1,4	10,4

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði tóku almennt gildi vorið 2004 og hafa fjögurra ára gildistíma en samkvæmt þeim var almenn áfangahækkun 2,5% í janúar 2006. Í júnílok 2006 náðist samkomulag á milli aðila á almennum vinnumarkaði, þ.e. ASÍ og SA, um breytingar og áframhaldandi gildi kjarasamninga. Samkomulaginu var ætlað að tryggja öllum sem höfðu starfað hjá sama vinnuveitanda í tólf mánuði, frá júní 2005, að lágmarki 5,5% hækkun á ársgrundvelli. Að auki var samið um að launataxtar skyldu hækka um 15 þúsund krónur á mánuði, þannig að lágmarkstaxtar hækkuðu úr 108 þúsund krónum í 123 þúsund krónur. Á almennum vinnumarkaði eru margir hópar launamanna með kjarasamninga sem falla utan samningssviðs ASÍ og SA en ekki verður gerð sérstaklega grein fyrir þeim samningum.

Kjarasamningar á opinberum vinnumarkaði

Fjöldi samninga opinberra starfsmanna voru undirritaðir á árunum 2004 til 2006. Gildistími samninganna er að jafnaði fjögur ár. Almennt gerðu samningar starfsmanna ríkis og sveitarfélaga ráð fyrir 2,5-3% hækkun launa frá 1. janúar 2006 auk sérstakra hækkana sem komu til framkvæmda við upphaf samninga. Sérstakir stofnanasamningar á milli ríkisstofnana og stéttarfélaganna komu til framkvæmda á öðrum ársfjórðungi 2006. Á árinu 2005 tóku jafnframt gildi fjöldi kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga. Þá hækkuðu laun grunnskólakennara um 1,5% þann 1. ágúst 2005. Í árslok 2005 hækkuðu laun ófaglærðs starfsfólks hjá Reykjavíkurborg og í kjölfarið samþykkti launanefnd sveitarfélaganna að heimila öðrum sveitarfélögum að hækka laun til samræmis við ákvörðun borgarstjórnar. Sambærilegir samningar voru gerðir milli stéttarfélaganna ófaglærðra starfsmanna og einstakra stofnana í heilbrigðisþjónustu. Félag leikskólakennara endurnýjaði samning við launanefnd sveitarfélaganna í lok árs 2006 og gildir samningurinn til ársloka 2008. Samkvæmt samningum var upphafshækkun 6,73% að meðaltali.

Um vísitölu launa

Vísitala launa og launavísitala

Með nýrri útgáfu á vísitölu launa fyrir starfsstéttir og atvinnugreinar er komið til móts við kröfur notenda um sundurliðaðar upplýsingar um launaþróun einstakra hópa á íslenskum vinnumarkaði. Leitast er við að hámarka tímanleika og tíðni útgáfu og skil gerð á milli mánaðarlegrar útgáfu launavísitölu annars vegar og árfjórðungslegrar útgáfu vísitölu launa hins vegar. Meginmarkmið með mánaðarlegri útgáfu er að varpa tímanlega ljósi á almenna launaþróun en ársfjórðungsleg útgáfa miðar að því að gera grein fyrir þróun launa hjá afmörkuðum hópum. Birting mánaðarlegrar vísibendingar launavísitölu verður áfram um það bil 20 dögum eftir að viðmiðunarmánuði lýkur en vísitala launa mun birtast um það bil 60 dögum eftir að viðmiðunartímabili lýkur. Mismunur tímanleika felst í því að við útreikning vísitölu launa þarf aðgang að stærra gagnasafni en við útreikning mánaðarlegrar launavísitölu.

Regluleg laun

Vísitala launa byggir á launahugtakinu regluleg laun. Launahugtakið endurspeglar laun sem greidd eru mánaðarlega fyrir umsamda vinnuskyldu. Regluleg laun innihalda grunddagvinnulaun, vaktaálag, álagsgreiðslur, kostnaðargreiðslur og afkastatengdar bónusgreiðslur sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili. Í reglulegum launum er ekki tekið tillit til yfirvinnugreiðslna, uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna og greiðslna sem ekki eru gerðar upp á hverju útborgunartímabili, s.s. eingreiðslna, hvort sem þær eru greiddar samkvæmt kjarasamningum eða ekki. Hugtakið regluleg laun liggur einnig til grundvallar útreikningum reglulegra mánaðarlauna sem Hagstofa Íslands birtir árlega niðurstöður um. Í reglulegum mánaðarlaunum er hlutastarf uppreiknað í fullt starf en í útreikningum vísitölu launa eru regluleg laun umreiknuð í greitt tímakaup. Að öðru leyti er samsetning launahugtakanna hin sama.

Túlkun vísitölnnar

Í ársfjórðungslegri vísitölu launa er leitast við að lágmarka áhrif af tilfærslum, þ.e. hreinum breytingum á samsetningu launa svo sem tilfærslu á yfirvinnulaunum í grunnlaun. Vísitalan fangar breytingar í föstum aukagreiðslum s.s. álagsgreiðslum og ýmis konar afkastatengdum bónusgreiðslum sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili. Við túlkun á niðurstöðum ber að hafa í huga þann mun sem getur verið á samsetningu launa eftir atvinnugrein og starfsstétt.

Útreikningsaðferðir

Vísitala launa byggir á tveimur megináðferðum eftir því hvort um er að ræða útreikning á verðbreytingum í grunni eða í efra lagi þar sem grunnbreytingar eru vegnar saman. Reiknaðar eru paraðar breytingar reglulegra launa á milli tveggja samliggjandi mánaða hjá þeim sem uppfylla skilyrði¹ pörunar. Áhrifum breytinga sem skýrast af breyttri samsetningu úrtaks er þannig haldið í lágmarki. Aðferðin er þó misnæm fyrir hækkunum eftir eðli þeirra og uppruna. Hækkanir á launum sem eiga sér stað þegar starfsmenn flytja sig á milli fyrirtækja, falla til dæmis utan við paraðar breytingar. Hins vegar mælast áfangahækkanir starfsmanna eftir að reynslutíma þeirra innan fyrirtækis lýkur og fastráðning á sér stað. Tíðni slíkra breytinga getur m.a. ráðist af starfsmannaveltu í tiltekinni atvinnugrein eða starfstétt.

Á milli útreikningstímabila verða alltaf einhverjar breytingar á undirliggjandi safni m.a. vegna þess að starfsmenn hætta störfum, skipta um starf innan sama fyrirtækis eða hefja störf hjá nýju fyrirtæki. Grunnur vísitölunnar er því að einhverju leyti breytilegur frá einni mælingu til þeirrar næstu. Mældar eru breytingar á reglulegum launum á greidda stund, þ.e. reglulegu tímakaupi en regluleg laun á mánuði hjá viðkomandi launamanni ákvarða þá vog sem notuð er til að veга breytinguna innan viðkomandi starfasellu². Það þýðir að vægi einstakra launabreytinga í útreikningi ræðst af vægi reglulegra launa einstaklingsins af heildarsummu reglulegra launa í starfasellu. Einstaklingur sem hafði tiltekið hlutfallslegt vægi þegar launabreytingar eru mældar á milli janúar og febrúar getur því haft annað vægi í samanburði á launum febrúar og mars. Tekið er tillit til úrtakshönnunar við útreikning á grunnbreytingum þannig að við útreikning eru regluleg laun vegin með úrtaksvog. Úrtaksvog tekur mið af úrtakslíkum og fá stór fyrirtæki úrtaksvog jafnt og einn en smærri fyrirtæki úrtaksvog sem er stærri en einn. Að öðrum kosti fengju stór fyrirtæki óeðlilegt vægi í útreikningi.

Fisher margfeldismeðaltal

Í grunni er beitt svokölluðu Fisher margfeldismeðaltali (e. Fisher ideal index). Fisher vísitala er reiknuð sem margfeldismeðaltal tveggja tegunda vísitalna, þ.e. margfeldismeðaltal Laspeyres og Paasche vísitölu. Laspeyres vísitölur eru af flokki Lowe fastgrunnsvísitalna líkt og Paasche vísitölur en munurinn á þeim er sá að Laspeyres vísitölur miða við vogir liðins tíma en Paasche vísitölur við samtímavogir.

Laspeyres margfeldismeðaltal

$$P_L = \prod \left(\frac{p^t}{p^{t-1}} \right)^{s^{t-1}} \quad \text{þar sem } s^{t-1} = \frac{p^{t-1} q^{t-1}}{\sum p^{t-1} q^{t-1}}$$

Þar sem p^{t-1} er verð á liðnum tíma, q^{t-1} magn á liðnum tíma, p^t er verð á samtíma og q^t magn á samtíma.

¹ Til að uppfylla skilyrði sem sett eru í útreikningi í grunni vísitalna þarf viðkomandi launamaður að vera í sama starfi, hjá sama fyrirtæki, í sömu atvinnugrein í tveimur samliggjandi mánuðum.

² Starfasella er sá grunnliður (e. basic heading) sem notaður er til að veга saman breytingar innan atvinnugreinar. Starfasella byggir á starfsstéttum samkvæmt ÍSTARF 95 starfaflokkunarkerfinu og atvinnugreinum samkvæmt ÍSAT 95 atvinnugreinaflokunarkerfinu.

Paasche margfeldismeðaltal

$$P_p = \prod \left(\frac{p^t}{p^0} \right)^{s^t} \quad \text{þar} \quad \text{sem} \quad s^t = \frac{p^t q^t}{\sum p^t q^t}$$

Fisher ideal margfeldismeðaltal

$$P_F = \sqrt{P_p P_L}$$

Við útreikning í efra lagi, þar sem grunnliðir eru vegnir saman, er notast við keðjutengda Laspeyres fastgrunnsvísitölu.

Gögn Vísitala launa á almennum vinnumarkaði byggir á gagnasafni launakönnunar Hagstofu Íslands. Í könnuninni eru aflað upplýsinga um laun og launakostnað allra starfa hjá handahófsúrtaki fyrirtækja með tíu eða fleiri starfsmenn og úrtaki sveitarfélaga. Fyrirtæki og sveitarfélög í úrtaki senda mánaðarlega rafrænar upplýsingar á samræmdu sniði beint úr launabókhaldi. Í könnuninni er aflað nákvæmra upplýsinga um launagreiðanda, launamann, launagreiðslur, greiddar stundir og annan launakostnað. Gögnin eru gæðaprófuð við móttöku, þar sem sannreynt er að þau standist uppsettar kröfur. Þegar gögnin hafa verið gæðaprófuð eru þau vistuð í gagnagrunni Hagstofunnar og notuð til úrvinnslu. Við framkvæmd launakönnunar er tekið mið af þeim kröfum sem gerðar eru til launakannana í reglugerðum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Hver rekstrareining í launakönnun Hagstofu Íslands hefur fyrirfram þekktar úrtakslíkur sem endurspegla úrtakshönnun. Úrtak launakönnunar er lagskipt klasaúrtak þar sem lagskipt er eftir atvinnugreinabálki og fyrirtæki skilgreinast sem klasi. Stórar rekstrareiningar í atvinnugrein eru sjálfvaldar og fá því úrtakslíkur eina. Aðrar rekstrareiningar fá sömu úrtakslíkur innan hvernar atvinnugreinar sem endurspegla úrtaksstærð og fjölda rekstrareininga í atvinnugrein.

Til grundvallar útreikninga á þróun launa opinberra starfsmanna er auk gagna úr launakönnun Hagstofu Íslands stuðst við heildarsafn frá ríki og 600 manna úrtak ríkisstarfsmanna.

Grunnur og grunnskipti Grunnur vísitölunnar byggir á ÍSAT 95 atvinnugreinaflokkuninni og ÍSTARF 95 starfaflokkuninni og eru vogir ákvarðaðar á grundvelli starfsstétta annars vegar og atvinnugreinabálka hins vegar. Vogir byggja á gögnum næstliðins árs, þ.e. þær vogir sem notaðar eru við útreikninga fyrir árið 2006 byggja á upplýsingum um árið 2005. Grunnskipti eru áætluð í upphafi hvers árs og koma til framkvæmda við útreikning vísitölu launa fyrir fyrsta ársfjórðung. Fyrstu niðurstöður sem taka til árána 2005 og 2006 byggja á vogarupplýsingum um árið 2005. Við ákvörðun grunnvoga er m.a. stuðst við gögn úr staðgreiðsluskra ríkisskattstjóra og launakönnun Hagstofu Íslands.

Skilgreiningar

Atvinnugreinar Atvinnugreinar eru skilgreindar samkvæmt ÍSAT 95 atvinnugreinaflokkun. ÍSAT 95 er flokkunarstaðall sem byggður er á atvinnugreinaflokkunarkerfi Evrópusambandsins, NACE rev.1. Vísitala launa nær til eftirfarandi atvinnugreina á almennum vinnumarkaði: Iðnaðar (D), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar (F), verslunar og ýmisrar viðgerðarþjónustu (G), samgangna og flutninga (I), og fjármálaþjónustu, lífeyrissjóða og váttrygginga (J).

Starfsstéttir Starfsstéttir eru skilgreindar samkvæmt ÍSTARF 95 flokkunarkerfinu. ÍSTARF 95 er flokkunarstaðall sem byggður er á starfaflokkunarkerfi Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, ISCO-88. Starfsstéttin verkafólk er skilgreind sem fyrsti stafur 7, 8 eða 9 og stöðutala 0 eða 1. Starfsstéttin iðnaðarmenn er skilgreind sem fyrsti stafur 7, 8 eða 9 og stöðutala 2 eða 3. Stöðutala er fimmti stafur ÍSTARF 95 flokkunarkerfisins. Hún greinir meðal annars á milli flokksstjóra (1), iðnlærðra starfsmanna (2), iðnlærðra verkstjóra (3) og annarra launamanna (0) sem flokkast í sama starf. Vísitala launa er birt fyrir eftirfarandi starfsstéttir á almennum vinnumarkaði: Stjórnendur, sérfræðinga, tækna og sérmenntað starfsfólk, skrifstofufólk, þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk, iðnaðarmenn og verkafólk.

English summary

Wages in the private sector increased by 10.3% on average between the years 2005 and 2006 according to a new wage index. Wage increases ranged from 8.8% for Craft workers to 11.5% for Professionals. In the economic activity of Transport, storage and communication (I) the wages rose by 12.3% while the increase of wages was 9.1% in the economic activity of Wholesale and retail trade; repair (G). Wages in the public sector increased by 10.4% during the same period.

The wage index is a quarterly index and shows the changes of regular hourly wages in the private sector by occupational group and economic activity. The index shows changes of wages in the public sector and replaces an earlier index of public servants with bankers. A monthly wage index will continue to be published serving as a timely indicator of general changes in wages.

Tafla 4. Vísitala launa á almennum vinnumarkaði eftir starfstétt 2005–2006*Table 4. Wage index for the private sector by occupational group 2005–2006*

Meðaltal ársins <i>Annual average 2005=100</i>			Breyting frá fyrra tímabili, % <i>Change from previous period, %</i>	Breyting frá fyrra ári, % <i>Change from previous year, %</i>
	Vísitala <i>Index</i>			
Alls <i>Total</i>				
2005	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	97,6	•	•
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	99,4	1,8	•
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	100,7	1,3	•
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	102,5	1,8	•
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	100,0	•	•
2006	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	106,7	4,1	9,3
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	108,2	1,4	8,9
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	112,1	3,6	11,4
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	114,3	1,9	11,5
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,3	•	10,3
Stjórnendur <i>Managers</i>				
2005	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	97,6	•	•
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	99,3	1,8	•
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	100,7	1,4	•
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	102,6	1,9	•
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	100,0	•	•
2006	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	107,2	4,5	9,9
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	109,0	1,8	9,8
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	112,1	2,8	11,3
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	113,6	1,4	10,8
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,4	•	10,4
Sérfræðingar <i>Professionals</i>				
2005	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	97,5	•	•
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	99,1	1,6	•
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	100,7	1,6	•
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	102,8	2,1	•
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	100,0	•	•
2006	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	108,4	5,5	11,2
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	110,0	1,5	11,0
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	112,7	2,5	12,0
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	114,8	1,8	11,7
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	111,5	•	11,5
Tæknar og sérmenntað starfsfólk <i>Technicians and associate professionals</i>				
2005	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	97,4	•	•
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	99,5	2,2	•
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	100,9	1,4	•
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	102,2	1,3	•
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	100,0	•	•
2006	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	107,3	5,0	10,1
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	109,4	2,0	9,9
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	111,9	2,3	10,9
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	114,2	2,1	11,8
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,7	•	10,7

Tafla 4. Vísitala launa á almennum vinnumarkaði eftir starfstétt 2005–2006 (frh.)
 Table 4. Wage index for the private sector by occupational group 2005–2006 (cont.)

Meðaltal ársins <i>Annual average</i> 2005=100			Breyting frá fyrra tímabili, % <i>Change from previous period, %</i>	Breyting frá fyrra ári, % <i>Change from previous year, %</i>
		Vísitala <i>Index</i>		
Skrifstofufólk <i>Clerks</i>				
2005	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	97,5	•	•
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	99,3	1,8	•
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	100,8	1,6	•
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	102,4	1,6	•
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	100,0	•	•
2006	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	106,6	4,0	9,3
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	108,5	1,9	9,3
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	111,6	2,8	10,7
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	113,5	1,7	10,8
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,0	•	10,0
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk				
<i>Service workers and shop and market sales workers</i>				
2005	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	97,3	•	•
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	99,2	2,0	•
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	101,1	1,9	•
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	102,4	1,3	•
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	100,0	•	•
2006	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	105,9	3,4	8,9
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	107,6	1,6	8,4
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	112,2	4,3	10,9
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	114,6	2,1	11,9
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,0	•	10,0
Iðnaðarmenn <i>Craft workers</i>				
2005	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	97,8	•	•
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	99,6	1,8	•
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	100,5	1,0	•
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	102,2	1,7	•
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	100,0	•	•
2006	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	106,2	3,9	8,5
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	107,0	0,8	7,5
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	110,1	2,9	9,6
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	112,0	1,7	9,6
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	108,8	•	8,8
Verkafólk <i>General, machine and specialized workers</i>				
2005	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	97,6	•	•
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	99,3	1,7	•
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	100,3	0,9	•
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	102,8	2,5	•
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	100,0	•	•
2006	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	106,2	3,3	8,8
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	107,4	1,1	8,1
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	113,6	5,8	13,3
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	116,3	2,4	13,2
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,8	•	10,8

Tafla 5. Vísitala launa á almennum vinnumarkaði eftir atvinnugrein 2005–2006

Table 5. Wage index for the private sector by economic activity 2005–2006

Meðaltal ársins <i>Annual average</i> 2005=100			Breyting frá fyrra tímabili, % <i>Change from previous period, %</i>	Breyting frá fyrra ári, % <i>Change from previous year, %</i>
	Vísitala <i>Index</i>			
Alls Total				
2005	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	97,6	•	•
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	99,4	1,8	•
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	100,7	1,3	•
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	102,5	1,8	•
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	100,0	•	•
2006	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	106,7	4,1	9,3
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	108,2	1,4	8,9
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	112,1	3,6	11,4
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	114,3	1,9	11,5
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,3	•	10,3
Iðnaður <i>Manufacturing (D)</i>				
2005	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	98,1	•	•
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	99,6	1,5	•
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	100,2	0,6	•
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	102,2	2,0	•
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	100,0	•	•
2006	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	106,1	3,8	8,2
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	107,2	1,0	7,6
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	111,5	4,0	11,3
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	113,8	2,1	11,3
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	109,6	•	9,6
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction (F)</i>				
2005	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	97,2	•	•
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	99,0	1,8	•
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	101,0	2,1	•
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	103,0	1,9	•
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	100,0	•	•
2006	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	107,4	4,4	10,6
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	108,6	1,1	9,7
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	112,5	3,6	11,4
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	113,7	1,1	10,5
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,5	•	10,5
Verslun og ýmis viðgerðajónusta <i>Wholesale and retail trade; repair (G)</i>				
2005	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	97,5	•	•
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	99,3	1,9	•
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	101,0	1,7	•
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	102,3	1,3	•
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	100,0	•	•
2006	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	105,9	3,5	8,6
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	107,5	1,5	8,2
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	110,7	3,0	9,6
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	112,7	1,8	10,2
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	109,1	•	9,1

Tafla 5. Vísitala launa á almennum vinnumarkaði eftir atvinnugrein 2005–2006 (frh.)
 Table 5. Wage index for the private sector by economic activity 2005–2006 (cont.)

Meðaltal ársins <i>Annual average</i> 2005=100		Breyting frá fyrra tímabili, % <i>Change from previous period, %</i>	Breyting frá fyrra ári, % <i>Change from previous year, %</i>
		Vísitala <i>Index</i>	
Samgöngur og flutningar <i>Transport, storage and communication (I)</i>			
2005	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	96,5	•
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	99,3	2,9
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	101,5	2,2
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	102,8	1,3
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	100,0	•
2006	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	107,0	4,1
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	109,7	2,5
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	115,3	5,1
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	117,4	1,8
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	112,3	•
Fjármálþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar <i>Financial intermediation (J)</i>			
2005	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	97,6	•
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	99,2	1,7
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	100,4	1,2
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	102,9	2,5
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	100,0	•
2006	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	108,6	5,6
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	110,4	1,7
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	112,6	1,9
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	115,7	2,8
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	111,8	•

Tafla 6. Vísitala launa helstu launþegahópa 2005–2006

Table 6. Wage index for the private sector and the public sector 2005–2006

Meðaltal ársins <i>Annual average</i> 2005=100			Breyting frá fyrra tímabili, % <i>Change from previous period, %</i>	Breyting frá fyrra ári, % <i>Change from previous year, %</i>
	Vísitala <i>Index</i>			
Alls <i>Total</i>				
2005	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	97,4	•	•
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	99,3	2,0	•
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	100,9	1,6	•
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	102,5	1,6	•
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	100,0	•	•
2006	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	106,8	4,2	9,7
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	108,7	1,7	9,4
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	112,0	3,0	11,0
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	114,0	1,8	11,2
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,3	•	10,3
Starfsmenn á almennum vinnumarkaði <i>Private sector</i>				
2005	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	97,6	•	•
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	99,4	1,8	•
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	100,7	1,3	•
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	102,5	1,8	•
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	100,0	•	•
2006	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	106,7	4,1	9,3
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	108,2	1,4	8,9
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	112,1	3,6	11,4
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	114,3	1,9	11,5
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,3	•	10,3
Starfsmenn á opinberum vinnumarkaði <i>Public sector</i>				
2005	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	96,9	•	•
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	99,2	2,4	•
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	101,4	2,2	•
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	102,6	1,2	•
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	100,0	•	•
2006	1. ársfj. <i>1st quarter</i>	107,2	4,5	10,6
	2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	109,8	2,4	10,6
	3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	111,6	1,7	10,1
	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	113,2	1,4	10,3
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,4	•	10,4

Hagtidindi **Laun, tekjur og vinnumarkaður**
Statistical Series ***Wages, income and labour market***

92. árgangur nr. 21

2007:2

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4495 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4509 (pdf)

Verð *Price* ISK 500 EUR 6

Umsjón *Supervision* Gunnar Axel Axelsson • gunnar.axelsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series